



Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840Laugarvatn

Reykjavík 6. mars 2015
UST201502-468/KSJ

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 í Bláskógabyggð. Syðri Reykir, Norðurtún, efnistökusvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, þar sem áætluð breyting felst í að frístundabyggðasvæði breytist í efnistökusvæði. Ofangreint áætlað efnistökusvæði er í Norðurtúni í landi Syðri-Reykja. Í upphafi tillögunnar kemur fram að nú þegar hefur verið tekið talsvert efni á ofangreindu svæði.

Náttúruminjar

Í greinargerð breytingatillögunnar kemur fram að ofangreint efnistökusvæði er inni á svæði nr. 739 á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjasskránni segir: "*Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf.*" Eins og fram hefur komið fer nú þegar fram efnistaka á ofangreindu efnistökusvæði í Norðurtúni. Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistakan þar fer fram innan svæðis á náttúruminjaskrá. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að bakkar Brúarár eru mjög raskaðir vegna efnistöku. Skýringarmynd er fylgir breytingartillögunni sýnir að áfram er áætlað efnistökusvæði innan svæðis á náttúruminjaskrá, en einnig fyrir utan það, á gömlu túni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að leggja af efnistöku innan svæðis á náttúruminjaskrá og einungis áætla áframhaldandi efnistöku á gömlu túni sem er utan þess. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að huga að því að ganga frá bökkum Brúarár þar sem efnistaka hefur farið fram. Umhverfisstofnun bendir á vefritið <http://www.namur.is> sem Vegagerðin og Umhverfisstofnun standa að, en þar er að finna allar upplýsingar um vandaðan frágang efnistökusvæða

Efnisnámur - umhverfisáhrif

Í lýsingu kemur fram að náma í Norðurtúni sé áætluð um 49.000 m² að stærð og að áætlað sé að efnistaka verði allt að 149.900 m³. Umhverfisstofnun bendir á að í lið 2.a í öðrum viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að efnistaka á landi eða úr

hafsbótnei þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri, er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs eða staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum og skal tilkynna slíka framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

Efnisnámur - aðalskipulag Biskupstungnahrepps

Í lýsingu er vitnað í aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 hvað varðar markmið um samgöngur. Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 eru einnig markmið um efnisnámur. Í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 kemur eftirfarandi fram: "gert er ráð fyrir að núverandi efnisnám í Brúará í landi Efri Reykja og Syðri Reykja verði lagt af sem fyrst á skipulagstímabilinu." Efnisnám úr námu í Norðurtúni hefði skv. aðalskipulaginu því ekki átt að vara lengi eftir gildistöku aðalskipulagsins.


Umhverfisáhrif


Í umfjöllun um umhverfisáhrif er farið yfir þættina sem skoðaðir eru í matinu, síðan er farið yfir þau viðmið sem lögð eru til grundvallar þegar umhverfisáhrif eru skoðuð og að lokum er skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat. Umhverfismatið er sett upp í töflu. Niðurstaðan er sú að áætluð efnistaka hefur neikvæð áhrif á 8 umhverfisþætti. Áhrifin eru ekki talin þekkt á 3 umhverfisþætti. Áhrifin eru talin hlutlaus á 1 þátt og efnistakan er talin hafa jákvæð áhrif á þáttinn samfélag. Að mati Umhverfisstofnunar skortir umfjöllun um þessa niðurstöðu. Niðurstaðan er ótvíræð, neikvæð áhrif eru augljóslega meiri en jákvæð áhrif. Eini þátturinn sem er talinn verða fyrir jákvæðum áhrifum er samfélag. Umhverfisstofnun bendir á að ef frístundabyggð í næsta nágrenni efnistökkunnar er hluti af samfélaginu þá eru áhrif efnistökkunnar mögulega einnig neikvæð á samfélag, en eigendur frístundahúsa í nágrenninu hafa sent inn kvartanir til Umhverfisstofnunar vegna foks og rykmengunar frá efnistökusvæðinu.

Niðurstaða

Niðurstaða á mati umhverfisáhrifa efnistökkunnar er neikvæð að mestum hluta. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að áframhaldandi efnistaka á ofangreindu svæði verði áætluð utan svæðis á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun tekur undir að það þurfi að ganga frá röskuðu svæði næst frístundahúsa hverfi áður en framkvæmdaleyfi er veitt fyrir efnistöku á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að ganga frá bökkum Brúará.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri